



Pingskjal nr. 37

Flytjandi Hestamannafélagið Hörður

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að fela LH að taka árlega saman tölulegar upplýsingar sem nýtist aðildarfélagunum og samtökunum sjálfum við greiningu á árlegri starfssemi hestamannafélaga.

Greinargerð

Þetta væru upplýsingar um iðkendur og þátttöku þeirra í hvers konar félagsstarfi, námskeiðum, keppni og svo framvegis. Upplýsingarnar væru greindar eftir aldri og kynjum eins og hægt er samkvæmt Sportabler eða öðrum kerfum sem notuð eru til skráningar. Eins myndi LH taka saman í samráði við RML tölur um hrossaræktendur innan félaganna, hversu hátt hlutfall stundar hrossarækt og kynbótastarf. Niðurstöður úr þessum greiningum myndu gera starfið í hestamannafélagunum markvissara og hjálpa við að bæta þjónustu við félagsmenn og sýna hvar þungi félagsstarfsins ætti að liggja.

Allsherjarnefnd mælir með að tillagan verði samþykkt



Þingskjal nr. 41

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4 -5. nóvember 2022 samþykkir að LH og dómarafélögin HÍDÍ og GDLH fari í viðræður og komi með tillögur á næsta landsþing um hvernig tengin skal vera milli þessara aðila. Einnig hvernig þessir aðilar geti stutt við bakið á hver öðrum í þeim málefnum sem koma upp hverju sinni.

Greinargerð

Ekkert er í lögum LH um tengingu milli þessara aðila. Dómaranefnd er eitt sem þessir aðilar geta gert sameiginlega verklýsingu. Dómaranefnd gæti líka komið að útgáfu reglana um jöfnuarsjóð ferðakostnaðar og uppihalds dómara. Laun dómara þyrfti að taka með í þessa umræðu. Siðareglur varðandi hvað dómara eru að lenda í á mótum og eftir mót. Einnig þyrfti að taka inni þessa dómaranefnd einstaklinga frá hestamannafélögunum sem fulltrúa mótshaldara. Skyldur mótshaldarar og dómara á mótum og þeirra ábyrgð til að efla ímynd hestamennskunnar.

Allsherjarnefnd leggur til að tillögunni verði vísað frá